



FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI

Alþingi
Erindi nr. P 128/1160
komudagur 20.2.2003

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Akureyri 18. febrúar 2003.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 og læknalögum nr. 53/1988.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þakkar fyrir þann möguleika að geta sent inn umsögn vegna ofan nefnds frumvarps. Almennt telur framkvæmdastjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri að frumvarpið sé til bóta og skerpir á eftirliti og nauðsynlegum skyldum þeirra er eiga að tryggja eftirlitið.

Í 3. gr. frumvarpsins eru taldir upp þeir aðilar sem eiga að geta notið aðgangsheimildar að persónugreinanlegum upplýsingum í lyfjagrunninum. Eðlilegt má teljast að Tryggingastofnun ríkisins geti notað þessa heimild þegar fyrir liggur samþykki sjúkratryggðs einstaklings til afgreiðslu máls hans. Hins vegar má draga í efa mikilvægi þess að TR geti kannað lyfjaávisanir og ávísanavenjur lækna án þess að um rökstuddar grunsemdir sé að ræða um óeðlilegar eða ólögmætar lyfjaávisanir. Það ætti að vera nægjanlega tryggt að lyfjastofnun og landlæknir sinni þeirri skyldu og að halda ætti þeim þætti innan þeirra stofnana.

Framkvæmdastjórn FSA áréttar að mikilvægt sé að tryggja eftirlitsskyldu og koma í veg fyrir misnotkun hinna mismunandi lyfjaflokka. Á það má hins vegar benda að ekki er reiknað með auknu fjármagni til að fylgja eftir þessari eftirlitsskyldu og verður það að orka tvímælis.

Líklegt má teljast að mikilvægar upplýsingar verði til í þessum gagnagrunnum sem hægt verður að nota til rannsókna á lyfjanotkun landsmanna og mun án efa koma í veg fyrir misnotkun lyfja sé þeim skynsamlega beitt.

F.h. framkvæmdastjórnar FSA,

Þorvaldur Ingvarsson,
framkvæmdastjóri lækninga.

ÞI/JR

<PI2003033>